

# Söngdagskrá Ísaksskóla 2023-2024

## 16. - 20. október

Bleiki dagurinn á föstudegi

### **Doddi draugur (1. erindi)**

Hvínandi hvínandi vindur

Ég er eins og ég er (1. erindi og viðlag)

Furðuverk

Endalaus gleði

## 23. - 27. október

Vetrarfrí 25.-30. október

## 31. október - 3. nóvember

Vinavika

### **Ég er sko vinur þinn**

Doddi draugur

Ég er eins og ég er (2. erindi)

Hvínandi hvínandi vindur

Furðuverk

## 6. - 10. nóvember

Regnbogadagur á föstudegi

### **Á íslensku má alltaf finna svar**

Doddi draugur (1. Og 2. erindi)

Hvínandi hvínandi vindur

Ég er eins og ég er

Furðuverk

Ég er sko vinur þinn

## Hvínandi vindur

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Hvínandi hvínandi vindur,

hvaðan ber þig að?

Hvert ertu að fara,

viltu segja mér það?

Hvínandi hvínandi vindur

kætir mína lund

og kann svo marga leiki

sem taka stutta stund.

Hvínandi hvínandi vindur

hvarf frá mér í brott

en kom mér til að hlæja  
og mikið var það gott.

Hvínandi hvínandi vindur

hvar ert þú í dag,

kannski á bak við fjöllin

að syngja þetta lag.

## Doddi draugur

Lag: Paul Caporino

Ljóð: Dr. Gunni / Gunnar Lárus Hjálmarsson

Má ég kynna drauginn Dodda

Doddi greyið draugsast út úr hól - í sól.

Í hólnum býr hann Doddi litli

og notar gamla teskeið fyrir stól - líka um jól.

Veslings Doddi, hann má ekki eiga hund

og hann má ekki einu sinni fara í sund.

Sultardropar lafa úr nösum

á draugsa er byrjað að snjóa - út í móa.

Laufsast hann um torg og stræti

það sér hann ekki nokkur sála - nema Pála.

Hún er göldrótt kerling, feikna hrum

og fæðir Dodda á köngulóm og ormum.

La la la la la la la...

Doddi, Doddi, Doddi draugur

Aumingja litli Doddi draugur.

## Endalaus gleði

Lag: Ásbjörg Jónsdóttir

Ljóð: Jón Pálsson

Vetur, sumar, vor og haust,

vindur áfram endalaust,

kemur vetur kaldar tær,

krakkar leika nær og fjær.

Vorið aftur vermir kropp,

viltu kom' í húllahopp,

síðan kemur sumarfrí,

sólin glæðir borg og bý.

Hillir aftur undir haust,

hefst upp okkar gleðiraust,

vetur, sumar, vor og haust,

vindur áfram endalaust.

## Ég er eins og ég er

Lag: Jerry Herman  
Ljóð: Veturliði Guðnason

Ég er eins og er,  
Hvernig á ég að vera eitthvað annað?  
Hvað verður um mig  
Ef það sem ég er bölvað og bannað?

Er þá líf mitt, að fela mig og vera feimin,  
Mitt líf var það til þess sem ég kom í heiminn?  
Fúlt finnst mér það líf að fá ekki að segja:  
Ég er eins og ég er!

Ég er eins og ég er,  
ég vil ekkert hrós, ég vil enga vorkunn.  
Mér líkar mitt lag,  
Jafnvel þótt öðrum þyki það storkun.

En þeir um það, þetta er lagið mitt á lífsins  
morgni,  
Hvernig væri að sjá það frá því sjónarhorni.  
Fúlt er felumans líf fyrr en hann hrópar:  
Ég er eins og ég er!

Ég er eins og ég er,  
Og hvernig ég er alveg á hreinu.  
Ég er eins og ég er  
Og biðst ekki afsökunar á neinu.

Þetta er eitt líf, þetta er eina lífið sem við  
eigum  
Eitt líf og það verður ekkert líf í leynum.  
Ljúft verður það líf að láta það flakka:  
Ég er eins og ég er!

## Furðuverk

Lag og ljóð: Jóhann G. Jóhannsson

Ég á augu, ég á eyru  
ég á lítið skrítið nef.  
Ég á augabrúnir, augnalok  
sem lokast þegar ég sef.

Ég á kinnar og varir rauðar  
og á höfði hef ég hár.  
Eina tungu og tvö lungu  
og heila sem er klár.

Ég á tennur og blóð sem rennur  
og hjarta sem að slær.

Tvær hendur og tvo fætur,  
tíu fingur og tíu tær.  
Ég get gengið, ég get hlaupið,  
kann að tala mannamál.  
Ég á bakhlið, ég á framhlið.  
Innst inni hef ég sál

∴ Ég er furðuverk, algert furðuverk  
sem að Guð bjó til.  
Ég er furðuverk, algert furðurverk.  
Lítið samt ég skil. ∴

## Ég er sko vinur þinn

Lag: Randy Newman  
Ljóð: Ágúst Guðmundsson

Ég er sko vinur þinn  
Langbesti vinur þinn  
Gangi illa fyrir þér  
Allt á skakk og skjön hvert sem lítið er  
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér  
Að ég er vinur þinn  
Já, ég er vinur þinn

Ég er sko vinur þinn  
Langbesti vinur þinn  
Þér leiðist margt  
Sama segi ég  
Já, tilveran er ekki alltaf dásamleg  
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér  
Að ég er vinur þinn  
Já, ég er vinur þinn

## Á íslensku má alltaf finna svar

Lag: Atli Heimir Sveinsson  
Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar  
og orða stórt og smátt sem er og var,  
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,  
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,  
þar vex og grær og dafnar okkar mál.  
Að gæta hennar gildir hér og nú,  
það gerir enginn nema ég og þú.